

Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRDUR

Garðabær, 12. september 2024
Málsnúmer: 202407-0042
LA

Efni: Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga Coda Terminal.

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarkaupstað, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 18. júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga Coda Terminal.

Breytingar á aðalskipulagi fela í sér:

- Nýtt iðnaðarsvæði I10 sem dreifist á 7 staði er skilgreint til þess að koma fyrir borteigum. Skilmálar um heimild til niðurdælingar eru settir fyrir svæðið.
- Iðnaðarsvæði I3 stækkar þannig að hægt sé að rúma einn borteig. Í samræmi við óskir skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er iðnaðarsvæðið I3 felld saman eftir endilöngu. Skilmálar eru uppfærðir til þess að heimila niðurdælingu á einum borteig.
- Óbyggt svæði minnkar sem nemur svæði fyrir nýja borteiga og stækkun I3 að ósk Hafnarfjarðar.
- Athafnasvæði AT-3 minnkar sem nemur svæði fyrir tvo borteiga.
- Athafnasvæði AT-4 minnkar sem nemur svæði fyrir einn, borteig.

Áætluð stærð hvers iðnaðarsvæðisreits er um 0,7 ha. Á hverjum borteig er áætluð stjórnbygging, allt að 150 m² að stærð, allt að átta niðurdælingarborholur sem hver um sig er með borholuskýli, allt að fjórar borholur til vatnstöku, og annað sem til þarf, en lagnir milli borteiganna verða neðanjarðar. Samsíða lögnum er vegarslóði sem nýttur er til þess að koma lögnum fyrir og þjónusta þær síðar meir ef á þarf að halda. Hverfisverndað svæði, Almennigur Hvb8, minnkar sem um nemur skörun við tvo syðstu borteigana nr. 4 og 6 og lagnaleið frá teig 4.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn til Hafnarfjarðarkaupstaðar um skipulags- og matslýsingu vegna áætlaðra skipulagsbreytinga vegna borteiga Coda Terminal (15. janúar, 21. febrúar, 29. febrúar og 11. maí 2024), ásamt umsögn til Skipulagsstofnunar um umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda Coda Terminal þar sem fjallað er um borteiga (10. júlí 2024). Ekki hafa orðið afgerandi breytingar frá fyrri lýsingum og því er vísað í þessar umsagnir Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun ítrekar þá ábendingu að staðsetning á syðstu borteigunum, merktir nr. 4, 6 og 7, verði endurskoðuð þar sem um eru að ræða lítt eða öröskuð svæði í nútímahrauni og í nálægð borteiga eru hraunhellar, en báðar þessar hraunmyndanir njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013). Sérstaklega er þörf á að flytja borteig nr. 4 norðan við núverandi vegslóða, vestan við akstursípróttasvæði, og koma þannig í veg fyrir rask á heildstæðum hraunfláka. Þá telur Náttúrufræðistofnun vera full ástæða til að meta verndargildi

nyrsta hluta hverfisverndarsvæðisins, HVb8, áður en farið er í breytingar á landnotkun skipulagsins, m.a. þarf að kanna hvort innan framkvæmdasvæða finnist sjaldgæfar plöntur eða fleiri hraunhellar.

Við mat á umhverfisáhrifum í umhverfismatsskýrslu áætlana og sem snýr að hlutverki Náttúrufræðistofnunar, tekur stofnunin undir að áhrif á landslag og jarðmyndanir séu neikvæð, en óvissa er um áhrif á vistgerðir og dýralíf vegna skorts á upplýsingum. Þá er það mat Náttúrufræðistofnunar að áhrif á grunnvatn séu óviss en ekki óveruleg eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslu áætlana.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna borteiga Coda Terminal.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

